



Innkaupa- og framkvæmdaráð

## 16297 Þjónusta við hitakerfi í götum og gangstéttum Reykjavíkurborgar

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 21. maí 2026 og skiluðu 2 fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til fjárhags og verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð á rammasamningi í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES.

Samningsfjárhæð er heildarsamningsfjárhæð skipt niður á 4 ár en samið er til eins árs í senn með möguleika á að framlengja þrisvar sinnum um eitt ár í senn. Hámark samanlagðra viðskipta á grundvelli þessa samnings er um kr. 216.000.000,- með vsk.

Kostnaðaráætlun var kr. 216.301.600 með vsk.

Eftirtaldir aðilar skiluðu inn tilboðum:

|                        |                         |                        |
|------------------------|-------------------------|------------------------|
| Rafvirki og Pípari ehf | kr. 171.952.288 með vsk | 79,5% af kostn.áætlun  |
| Lagnaaval ehf          | kr. 243.577.440 með vsk | 112,6% af kostn.áætlun |

Lagnaaval ehf stóðst ekki kröfur um jákvætt eigið fé og var tilboði þeirra hafnað.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Rafvirki og Pípari ehf. að fjárhæð 171.952.288 með vsk. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og hæfni og tæknilegt mat Tækniþjónustu/skrifstofa Borgarlands auk þess sem einingarverð í tilboði þeirra voru 20% undir kostnaðaráætlun.

Virðingarfyllt

Kristján Hallvarðsson  
*Umhverfis- og Skipulagssvið*  
*Tækniþjónustan / Skrifstofa Borgarlands*

Hjálagt: *Opnunarfundargerð og kostnaðaráætlun.*